

ERINDISBRÉF

Neyðarstjórn Kópavogsbæjar

Ábyrgðarmaður:

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri.

Hlutverk starfshóps:

Frumskylda Kópavogsbæjar er að stuðla að öryggi og velferð borgaranna.

Neyðarstjórn Kópavogsbæjar hefur því hlutverki að gegna að samhæfa aðgerðir og grípa til neyðarráðstafana þegar neyðarástand skapast til að forgangsraða lögbundinni þjónustu, samfélagslega mikilvægri starfsemi, tryggja almannaheill og lágmarka hugsanlegan samfélagslegan skaða.

Neyðarástand getur skapast þegar öryggi og innviðum samfélagsins er ógnað, svo sem vegna náttúruvár, þegar umhverfi og heilsu er ógnað, og þegar tæknivá eða annars konar hættuástand skapast.

Á neyðarstigi er nauðsynlegt að forgangsraða verkefnum og verja grunnstoðir í þjónustu sveitarfélagsins til að halda uppi nauðsynlegustu starfsemi. Bæjarstjóri fer ásamt bæjarráði með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins. Fagsvið, skrifstofur og fyrirtæki sveitarfélagsins bera hvert í sínu lagi ábyrgð á þeirri þjónustu sem þau veita. Á neyðarstigi viðbragðsáætlana er neyðarstjórn sveitarfélagsins virkjuð. Að öðru leyti helst stjórnskipulag Kópavogsbæjar óbreytt og ber hver stjórnandi ábyrgð á sínum starfsvettvangi/sinni starfsstöð skv. hefðbundnu skipulagi. Neyðarstjórn hefur heimild til að taka ákvarðanir og stofna til útgjalda umfram það sem segir í fjárhagsáætlun í neyðartilfellum enda sé um slík tilfelli að ræða að afgreiðsla þeirra þoli enga bið. Bæjarráð veitir aðrar nauðsynlegar heimildir vegna sérstakra fjárútláta og er á neyðarstigi í viðbragðsstöðu þar sem nauðsynlegt getur verið að kalla til aukafundar.

Neyðarstjórn Kópavogsbæjar starfar samkvæmt viðbragðsáætlun sveitarfélagsins.

Starfsmaður hópsins ber ábyrgð á fundarboðun, undirbúningi funda, fundarritun og úrvinnslu í samráði við bæjarstjóra.

Neyðarstjórn skipa:

Ármann Kr. Ólafsson – Stjórnsýslusvið

Páll Magnússon – Stjórnsýslusvið

Pálmi Þór Mátsson – Stjórnsýslusvið

Sigríður Björg Tómasdóttir – Stjórnsýslusvið

Ingimar Þór Friðriksson – Upplýsingatæknideild

Steingrímur Hauksson – Umhverfissvið

Birkir Rútsson – Umhverfissvið

Aðalsteinn Sigfússon – Velferðarsvið

Anna Birna Snæbjörnsdóttir - Menntasvið

Varamenn:

Ólafur Þórður Þórðarson – Upplýsingatæknideild

Leifur Eiríksson – Umhverfissvið

Sigríður Sigurjónsdóttir – Velferðarsvið

Sindri Sveinsson – Menntasvið

Starfsmaður:

Birkir Rútsson – Umhverfissvið

Encho Plamenov Stoyanov - Umhverfissvið


Helstu samstarfsaðilar

Unnið er með aðgerðarstjórn höfuðborgarsvæðisins, öðrum neyðarstjórnnum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, ásamt öðrum stofnunum sem eiga við innan og utan sveitarfélags.

Starfstímabil:

Neyðarstjórn Kópavogsbæjar starfi á kjörtímabilinu 2018-2022.

Kópavogur, 17.10.2018



Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri